

TÓNLIST

Bergarleikhúsið

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Myrkir músíkdagar: Verk eftir Steinunni Vasulka, Kjartan Ólafsson, Kojiro Umezaki, Magnús Blöndal Jóhannsson og Hilmar Þórðarson. Miðvikudaginn 23. febrúar.

„FJÖLMÍDLAR“ ættu með réttu að ná yfir *multi-media* greinina, en það orð er víst þegar upptekið. Þó mætti kannski notast við orð eins og 'fjöltækjalist', þangað til rétta orðið er fundið. A tónleikunum á miðvikudagskvöldið var náði hugtakið yfir rafeindatónverk í samvinnu við myndbandsmiðillinn, nema hvað verk Japanans Umeza' var fyrir „live“ shakuhachi-ívekkandi tölvuvinnslu.

Tónlist tuttugustu aldar hefur kvíslazt í margar sérgreinir, og má deila um. Þort sumar þeirra séu ekki það langt komnar frá upphaflegu listgreininni að hægt sé að tala um nýjar greinar, í sumum tilvikum nær vísindarannsóknunum (að slepptum hreinum uppákomnum og leikaraskap) en „list“ í viðteknum skilningi. Á sama tíma gerist hins vegar í vaxandi mæli, að miðkin milli deildanna þofna niður fyrir hið ómöglega, og þess sem samir hafa getur stundum ýmis sett á laufu eða farið hvíta s þróun yfirfærðri merklingu, þ.e. skiljað í einu tilvið yfir „amaldags“ hljóðfæri, í öðru hannað algörítma (með einföldu i-i) í tónsmíðafortrit fyrir tölvur. Þeir vilja deilast víða, Ingjeldsómur er gilti það um flesta höfunda á öldunum.

Þegar tilraunir eru í forgrunni (að maður segi ekki tilraunanna vegna), beinist athyglin gjarnan að „konseptinu“, hugsuninni að baki verkeins og hvernig höfundur hrinti henni í framkvæmd, eins og glöggur má sjá af lengd verklýsinga í tónleikaskrá. Útkomunni hættir til að skipta minna máli, og þarfr hlustandans geta síðan mætt afgangi. En fráleitt væri að vilja tilraunastarfsemi feiga; hún verður að fá sitt breik, og jafnfráleitt væri líka að ætlast til að hún skili alltaf fimm-eina í fullkomnun. Þar að auki getur sjálf aðferðarfræðin kringum töl og tæki verið beinlínis heillandi umræðuefni, einnig fyrir minna innviðga. En hvað skilli sér sem „list“, hlýtur tíminn inn að skera úr um.

Af tyrrgreindu má gruna, að undirritaður telur sig meðal ytri koppa í þessu sérhæfða búri rafeinda og fjöltækni. Áheyrendur og -horfendur umrætt miðvikudagskvöld virtust enda margir hverjir „endur marki sértrúarsafnaðar, og lá það í hlutarins eðli, en töluvert hlýtur samt að hafa slæðzt inn af forvitnum sakleysingjum, þar sem hliðin er á milli og hliðin er á milli.

setnir, og örlaði jafnvel á eftirvæntingu.

Samband myndar og hljóðs virtist ganga bezt upp í fyrsta verkinu *Leiftrarrúnir*. Myndhliðin var tekin í málmsteypusmiðju og sýndi nærmyndir af ýmsum málmahöldum í vinnslu. Hljóðhliðin var unnin úr slaghljóðum. Sem sagt mjög „ljýjandi“ verk, en á sinn hátt póetískt.

Eftir Kjartan Ólafsson var eina myndlaus tónverk kvöldins, *Summary. Three Worlds According to One* (frumfl.) samsett úr margvíslegum -bútum úr fyrri hljómsveitar- og kammerverkum höfundarins auk strófna úr strjúpa Sigrúnar Hjálmtýsdóttur, unnið með blandaðri raftækni, tónsmíðafortriti Kjartans CALMUS (auk annarra hljóðhönnunarfortrita) í Helsinki í fyrra og dreift hringóma um átta hljóðrásir. Verkið var framan af ógnvekjandi, aggressíft og stundum beinlínis óþægilegt áheyrnar, þegar tröllauðin málmflykki virtust hvaðanæva ætla að nrynja yfir hlustendur. Engu stöður var ómheimur Kjartans heild allfjöðbreyttur og þaraði út með kosmískum hafmeyjaæðngum og stappaði háskalega nærri því að vera fallegur.

Kojiro Umezaki bles á hin fornu japönsku barm slær flautu shakuhachi í verki eftir sjálfan sig frá í fyrra, *Gestures, Tactile and Tethered*. Flautan var snúruð við magnara og hljóðvinnslutæki, er minntu sum á sá guldendalykkjur í árdaga rafeindatónlistar og stjórnuðust af hreyfingum og/edá blæstri. Skemmtileg hugmynd að tengja þannig fortíð og nútíð, en skeifing náði maðurinn litlum tóni miðað við allt lofthvissið.

Eftir öldung rafrænnar farmúrsteftu á Íslandi, Magnús Blöndal Jóhannsson, var endurflutt *Samstirni* (1961) fyrir segulband, í þetta sinn með abstraktri videómynd sem fyrir undirrituðum rifjaði upp heilapvottaratriðið úr kvikmyndinni *The Ipocress File*. Verkið er eitt elzta raftónverk landsmanna og hefur farið víða um heim. Í samamburði við möguleikana í dag er hljómsheimur þess eins nakinn og hrár og vera má, en samt (ekki sízt að viðbættum deplagangi videótjaldanna) gætt skemmtilega fráhrindandi hrolli, er minnir á gamla geðdrylli eftir Hitchcock.

Ferð Hilmar Þórðarsonar var síðast; samið fyrir japanskan balletthóp, er sýndi listir sínar uppi á tveim myndbandsskám í *ultra slow motion*. Tilvalin afvötnun fyrir tölvuleikjafikla hér á öld hraðans. Tónlistin notaðist mjög við klinghljóð úr ýmiss konar klukkum og bjóllum, en skildi sáralítið eftir hjá undirrituðum, enda skammtur kvöldins orðinn ærinn fyrir aðra en þá aihörðustu.

Steina Vasulka skiptir um verk á Kjarvalsstöðum

Nú stendur yfir á **Kjarvalsstöðum** fyrsta einkasýning **Steinu Vasulka** hér á landi. En Steina er einn af frumkvöðlum videólistarinnar á alþjóðlegum vettvangi. Þetta er því einstakt tækifæri fyrir listunnendur að kynnst verkum hennar og ferli.

Á sýningunni verða sýnd alls **fjögur verk** *Eldrúnir*, *Raddbeiting*, *Ferund frá Tokýó* og *Ptólómeos*. Verkin voru öll valin með það í huga að þau séu fyrir fjórar rásir. **Hvert verk mun verða sýnt í tvær vikur í senn**. Fyrstu tvær sýningarvikurnar var sýnt verkið *Eldrúnir* en frá og með föstudeginum 12. apríl verða sýnd verkin *Raddbeiting* og *Ptólómeos*.

RADDBEITING

Allt frá 1970 hefur Steina notað hljóðritanir frá tónleikum til að samræma eða ummynda myndbandaefni. Oft er hljóðið frá hennar eigin fiðlu; í verkinu *Vocalizations* (Raddbeiting) var rödd tilraunasöngvarans Joan La Barbara hljóðrituð á margmiðlunargjörningi með Steinu árið 1986. Með söng sínum bjó söngkonan til myndbands-lykil-munstur á mónitoru á sviðinu. Myndbands-lykill („video key“) er fígúra, form eða munstur sem skiptir skjámyndinni í það sem er innan og það sem er utan formsins; hægt er að setja ólíkar myndir inn í þessi tvö rými með rafeindatækni. Í *Vocalizations* eru tvenns konar lykilmunstur: fimm láréttar línur sem minna á nótnastreng annarsvegar, hinsvegar skammæ óregluleg form og munstur sem birtast og hverfa með sveiflunum í rödd söngvarans. Bláleita elfurinn innan nótnastrengsins er raunar hraunstraumur á Íslandi; fyrir utan (í „bakgrunninum“) er landslag Nýju-Mexíkó, séð úr þyrlu og úr bifreið á ferð.

PTÓLOMEOS

Þetta verk var samið 1987, og er hluti af stærri heild sem Steina er enn að vinna að og kallar *Machine Vision* (Vélsýn), þar sem hún kannar sjónarhorn og hreyfingar myndavélar sem maðurinn getur hvorki framkvæmt né stjórnað. Þetta verk ber nafn Ptólómeosar, hins kunna gríska stjörnufræðings, sem uppi var á 2. öld og taldi jörðina miðpunktinn í flötum og disklaga alheimi. Steina hefur gaman af því hversu rangt Ptólómeos hafði fyrir sér, og lætur hér sem vinnustofa hennar í Santa Fe sé miðpunktur í margþættum, varanlegum, margtöluðum og fjölrödduðum alheimi sem er færður frá miðju með stórfenglegum og oft stórskemmtilegum hætti. Verkinu er skipt í sex sífellt flóknari hluta sem kalla mætti hreyfingar með tilbrigðum. Fyrirmynd uppbyggingarinnar er eins konar keðjusöngur sem leysist upp — samsvarandi raddir, hringir og endurtekningar sem flytjast til í tíma og rúmi og eltast á, en ná aldrei alveg saman eins og almennilegur keðjusöngur á að gera. Þessi ruglaði alheimur Steinu er allt í senn, samfelldur og ósamfelldur í tíma, samhverfur og ósamhverfur, miðlægur og dreifður.